



Ársskýrsla fagdeildar skurðhjúkrunarfræðinga starfsárið mars - apríl 2018-2019

Félagafjöldi: 150

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Kristín Kristinsdóttir formaður, Soffía hauksdóttir ritari og fulltrúi í NORDA (Nordic Operating Room Nurses Association), Sigríður Guðjónsdóttir gjaldkeri fulltrúi í EORNA (European Operating Room Association), Anna Valsdóttir fulltrúi í NORDA, Helga Hallgrímsdóttir fulltrúi í EORNA.

Fagdeild skurðhjúkrunarfræðinga starfar samkvæmt starfsreglum Fagdeildar skurðhjúkrunarfræðinga og lögum Félags Íslenskra Hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt lögum FÍH vinna fagdeildir að framgangi hjúkrunar á viðkomandi sérsviði í samvinnu við fagsvið FÍH. Fagdeildir eru stjórn FÍH og nefndum til ráðgjafar.

Í markmiðum fagdeilda stendur að þær skuli standa vörð um fagmennsku, menntun og hvetja til símenntunar. Einnig að stuðla að þróun þekkingar og eflingu rannsókna á viðkomandi sérsviði.

Félagsgjald: 5.000 kr.-

Ráðstefnu og námssjóður skurðhjúkrunarfræðinga hefur árlega frá stofnun 2012 veitt styrki til meðlima fagdeildarinnar til að sækja ráðstefnur og til símenntunar. Upphæð styrkja eru 40.000 kr. Úthlutun úr sjóðnum er í maí.

Fundir: Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega yfir veturinn, alls 10 fundir, auk nokkurra funda vegna sameiginlegrar ráðstefnu 2018 í Hörpu. Einnig hefur fulltrúi fagdeildarinnar tekið þátt í fundum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Innlend starfsemi:

Aðalfundur fagdeildarinnar var haldinn föstudaginn 23. mars 2018 á Hilton Nordica. Að loknum aðalfundarstörfum var kynntur nýr stjórnarmeðlimur.

Ráðstefna fagdeildarinnar var haldin helgina 23.-24. mars 2018 á Hilton Nordica, ásamt Skurðlæknafélagi Íslands, Svæfinga og gjörgæslulæknafélagi Íslands, Félags íslenskra fæðinga og kvensjúkdómalækna, Fagdeild svæfingahjúkrunarfræðinga, Fagdeild gjörgæsluhjúkrunarfræðinga og fagráði hjúkrunar á skurðlækningasviði. Þetta var í þriðja sinn sem slík sameiginleg ráðstefna er haldin. Þótti hún takast vel og endaði með hátíðarkvöldverði og skemmtiatriðum í Gamla Bíó Reykjavík.

Haustfundur fagdeildarinnar var haldinn á Bryggjunni Brugghúsi 26. október og var vel sóttur. Aðaláhersla var lögð á tengslamyndun og að veita skurðjúkrunarfræðingum frá mismunandi vinnustöðum og landshlutum tækifæri á að bera saman bækur sínar. Veitingar voru í boði Medor.

Erlent samstarf:

EORNA: Tveir fulltrúar fagdeildarinnar tóku þátt í vorfundi EORNA sem var haldinn í Gent í Belgíu. Einnig fór Helga Hallgrímsdóttir á fund hjá vísindaráði Eorna í Berlín á kostnað EORNA.

NORNA: Tveir fulltrúar tóku þátt í haust og vorfundum NORNA. Báðir þeir fundir voru haldnir í Stokkhólmi og þá sóttu Þorbjörg Ása Kristinsdóttir, Soffía Hauksdóttir og Anna Valsdóttir.

Virk þáttaka okkar á ráðstefnum innanlands og erlendis stuðlar að þróun þekkingar í skurðjúkrun styrkir faglegt starf og gerir okkur öflugri til að takast á við flókin verkefni.

Vefsíða fagdeildarinnar er uppfærð reglulega, slóðin er:

<http://hjukrun.is/fagdeildir/skurdhjukrun/>

Einnig er fagdeildin með facebook síðu undir nafni ISORNA.

29. mars 2019

Kristín Kristinsdóttir, formaður fagdeildar skurðjúkrunarfræðinga.